

AUGLÝSING

um gildistöku EES-reglugerða um almannatryggingar.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, sbr. 1. tölulið VI. viðauka við EES-samninginn skulu gilda á Íslandi, með þeirri aðlögun sem fram kemur í viðaukanum og bókun 1 við samninginn:

1. Reglugerð ráðsins nr. 3095/95 frá 22. desember 1995, þó ekki 1. gr. (7).
2. Reglugerð ráðsins nr. 3096/95 frá 22. desember 1995, þó gildir 1. gr. (5), hvað varðar elli- og dánarlífeyri aðeins frá 1. janúar 1994.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, sbr. 2. tölulið VI. viðauka við EES-samninginn skulu gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í viðaukanum og bókun 1 við samninginn.

1. Reglugerð ráðsins nr. 3095/95 frá 22. desember 1995.
2. Reglugerð ráðsins nr. 3096/95 frá 22. desember 1995.

3. gr.

Aðlögunarliðir við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1247/92 og við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1945/93 í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) falli niður.

4. gr.

Gerðir þær sem vísað er til í 1. og 2. gr. hafa verið birtar í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 11, frá 13. mars 1997, bls. 10 - 37.

5. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. heimild í 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og gildir frá 1. janúar 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. apríl 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.